



Efni: Staðarval fyrir nýja endurvinnslustöð

Frá: Starfshópi um staðarvalsgreiningu á nýrri endurvinnslustöð

Til: Jóns Viggós Gunnarssonar, framkvæmdastjóra SORPU

10.4.2023

Staðarval fyrir nýja endurvinnslustöð

Samantekt

- Niðurstaða starfshóps er að ákjósanlegasta staðsetning fyrir nýja endurvinnslustöð sé við Arnarnesveg
- Grenndarstöðvar geta ekki uppfyllt þá þörf sem endurvinnslustöðvar svara
- 86% íbúa Kópavogs velja endurvinnslustöðina við Dalveg umfram aðrar stöðvar
- 60% aðspurðra Kópavogsbúa fara á endurvinnslustöð SORPU við Dalveg að minnsta kosti einu sinni í mánuði


Í október síðast liðnum tilkynntu bæjaryfirvöld Kópavogi að endurvinnslustöð Sorpu við Dalveg skuli lokað 1. september 2024. Það hefur legið fyrir um töluverðan tíma að bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa þrýst á að finna endurvinnslustöðinni annan stað.

Á fundi 8.nóvember 2022 skipaði Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu, Ísól Fanney sem verkefnastjóra yfir stýrihóp sem fengi það verkefni að rýna í þörf og mögulegar staðsetningar fyrir nýja endurvinnslustöð. Aðrir fulltrúar í Sorpu í stýrihópnum voru Gunnar Dofri Ólafsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Lagt var upp með að ný endurvinnslustöð yrði yfirbyggð að hluta eða að öllu leyti.

Lagt var til að bæði Kópavogur og Garðabær myndu tilnefna fulltrúa í stýrihópinn. Fulltrúar Garðabæjar voru Guðbjörg Brá Gísladóttir og Arinbjörn Vilhjálmsson. Fulltrúar Kópavogs voru Birkir Rútsson og Auður Kristinsdóttir.



Fyrsti fundur hópsins var 11. janúar og var byrjað að skoða hvort þörf væri fyrir að koma upp nýrri stöð í stað þeirrar sem mun loka við Dalveg. Ísól hafði tekið saman nokkrar staðreyndir um magn og tíðni.

Þrátt fyrir að vera lítil að stærð þá hefur stöðin við Dalveg verið mjög vel sótt. Á síðasta ári voru heimsóknir á stöðina tæp tvö hundruð þúsund heimsóknir.




Í Gallup könnunar sem framkvæmd var í lok 2022 koma fram að 60% Kópavogsbúa fara á endurvinnslustöð Sorpu við Dalveg a.m.k. einu sinni í mánuði og íbúar Kópavogs velja í 86% tilvika endurvinnslustöðina við Dalveg.

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?



Hópurinn skoðaði hvort möguleiki væri að nýta grenndargámakerfið í stað endurvinnslustöðvarinnar en sá fljótt að það myndi ekki ganga upp. Eðli grenndarstöðva og endurvinnslustöðvar eru gerólíkt, því á flestum grenndarstöðvum er einungis safnað 4 flokkum en á endurvinnslustöðvum er safnað 37 flokkum. Magnið sem berst á endurvinnslustöðvar eru tugir þúsunda tonna, langt um fram getu grenndarstöðva.




Sveitarfélögin bera ábyrgð á að íbúarnir geti losnað við allan úrgang og því var það niðurstaða hópsins að nauðsynlegt væri að finna stöðinni nýjan stað.

Sveitarfélögin glíma við takmarkað framboð af landi og það litla land sem sveitarfélögin eiga þóttu ekki heppilegt; sérstaklega með tilliti til þarfa endurvinnslustöðva, hvað varðar stærð, aðgengi og umferð. Hugmyndir komu að staðsetningum sem gætu gengið, en þær lóðir voru allar í eigu einkaaðila á landi þar sem ekki var búið að klára deiliskipulag. Þannig að kostnaður, tími og flækjustig var orðið hátt og langur tími gæti liðið þar til hægt væri að hefjast handa.

Á fundi hópsins 1. febrúar 2023 kom fram sú hugmynd að taka einn hektara af kirkjugarðinum við Lindakirkju, en samhliða yrði nýr kirkjugarður í Garðabæ stækkaður jafn mikið. Aðgengi að lóðinni í Salahverfi er gott, er við stofnbraut þannig að umferðin mun ekki fara inn í íbúðahverfi. Kópavogsbær á landið, en hópurinn gerir sér grein fyrir því að það þarf að fara í deiliskipulags breytingu.

Óformlegar viðræður áttu sér stað við Kirkjugarða Reykjavíkur og er það trú verkefnahópsins að það sé hægt að komast að samkomulagi við þá.


Á fundi hópsins 7. mars 2023 voru lagðir fram uppdrættir þar sem búið var að staðsetja endurvinnslustöð í landslaginu. Á myndinni er hugmynd um hvernig tengja megi umferðina og stýringu inni á svæðinu til að koma í veg fyrir raðir úti í götu.



Hópurinn var einhuga um það að þetta væri besta mögulega lausnin í stöðunni. Með því að koma fyrir nýrri og afkastameiri stöð á þessum stað þá mætti loka stöðinni við Jafnasel og í framtíðinni yrðu því fjórar endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu í stað sex.

NÝJAR STAÐSETNINGAR

HVERFASKIPTING MIÐAÐ VIÐ AKSTURSTÍMA



VSÓ var fengin til a vinna að staðarvalsgreiningu.

Niðurstaða



Hópurinn hefur lokið frumathugun sinni varðandi þörf og mögulega staðsetningu. Niðurstaða hópsins að full þörf sé á nýrri endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar á Dalvegi. Eftir að hópurinn hafði velt upp og skoðað margar staðsetningar er sú hugmynd efst á blaði að minnka kirkjugarðinn við Lindakirkju um 1 hektara til að koma fyrir nýrri endurvinnslustöð við Arnarnesveg. Jafnframt að Garðabær leggi til a.m.k. jafnmikla stækkun á væntanlegum kirkjugarði í Rjúpnadal til að vega upp á móti minnkun garðsins við Lindakirkju.

Hópurinn leggur til að næstu skref verði að stjórn Sorpu skoði þessa tillögu. Hópurinn er tilbúinn að vinna áfram að þessu verkefni og hefja undirbúningsvinnu sem felst m.a. í samvinnu við Kópavogsbæ og Garðabæ um skipulagsvinnu og samvinnu við arkitekta um frumhönnun á nýrri stöð.

Ísól Fanney Ómarsdóttir